

Föstudaginn 4. desember 1998.

Nr. 462/1998.

Frostfiskur ehf.

(Jakob R. Möller hrl.)

gegen

Guðmundi Tr. Sigurðssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málskostnaður. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 30. október 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og lagt fyrir hann að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

I.

Samkvæmt gögnum málsins var varnaraðila gert með dómi Héraðsdóms Vesturlands 29. nóvember 1996 að greiða sóknaraðila 1.641.755 krónur ásamt nánar tilteknum dráttarvöxtum og málskostnaði. 7. janúar 1997 bað sóknaraðili um fjárnám fyrir kröfu sinni samkvæmt dóminum. Þá beiðni afturkallaði hann 13. júní 1997, en varnaraðili hafði áfrýjað fyrrnefndum héraðsdómi til Hæstaréttar 25. febrúar sama árs. Með bréfi 11. júlí 1997 krafðist sóknaraðili síðan löggæmslu hjá varnaraðila til tryggingar kröfu sinni, og fór sú gerð fram 1. september sama árs. Dómur Hæstaréttar gekk í málinu 27. nóvember 1997, og var héraðsdómur staðfestur um annað en fjárhæð málskostnaðar.

Með bréfi til lögmanns varnaraðila 28. nóvember 1997 óskaði lögmaður sóknaraðila eftir greiðslu kröfu samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli aðila. Í bréfinu var krafan sundurliðuð í höfuðstól, dráttarvexti og málskostnað og samtalan sögð alls 2.681.431 króna „auk kostnaðar af kyrrsetningu eigna dómpola á Hvammstanga“. 3. desember 1997 tilkynnti lögmaður varnaraðila lögmanni sóknaraðila, að hann hefði greitt inn á bankareikning hins síðarnefnda 2.686.470 krónur, sem hann kvað vera fullnaðargreiðslu varnaraðila á kröfu samkvæmt fyrrnefndum dómi. Í bréfinu var þessi fjárhæð sundurliðuð þannig, að höfuðstóll kröfunnar væri 1.641.755 krónur, áfallnir vextir til ritunardags bréfsins 694.715 krónur og tildæmdur málskostnaður 350.000 krónur. Í bréfi lögmanns sóknaraðila 4. desember 1997 var viðurkennd greiðsla umræddrar fjárhæðar inn á kröfu samkvæmt dóminum, en jafnframt greint frá því, að ógreidd væri krafa vegna kostnaðar, að fjárhæð 82.528 krónur, sem ætti rætur að rekja til fyrrnefndrar löggeymslu hjá varnaraðila. Kvaðst lögmaður sóknaraðila ekki myndu aflétta löggeymslunni, fyrr en sá kostnaður yrði greiddur.

Sóknaraðili segir varnaraðila ekki hafa fengist til að greiða þann kostnað, sem áður er getið. Hefur sóknaraðili því höfðað málið til heimtu kostnaðarins.

II.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að kostnaðurinn, sem sóknaraðili leitar nú dóms um, hafi komið til vegna innheimtu kröfu hans á hendur varnaraðila, sem dómur Hæstaréttar 27. nóvember 1997 fjallaði um, og hafi þar með átt að heyra til málskostnaðar í því máli. Við flutning þess máls fyrir Hæstarétti krafðist sóknaraðili þess ekki, að tekið yrði tillit til umrædds kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar, en til þess hafði hann þá tækifæri. Hann getur hins vegar ekki nú krafist dóms í sérstöku máli um þann kostnað. Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdómara, að ákvæði 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 standi því í vegi, að efnisdómur gangi um þá kröfu, sem sóknaraðili sækir í málinu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Frostfiskur ehf., greiði varnaraðila, Guðmundi Tr. Sigurðssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 30. október 1998.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 5. október sl., er höfðað af Frostfiski ehf., kt. 680492-2479, Fiskislóð 99, Reykjavík, á hendur Guðmundi Tr. Sigurðssyni, kt. 281035-7899, Hvamms-tangabraut 24, Hvammstanga, með stefnu, birtri 25. mars 1998.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 82.524 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. nóvember 1997 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

II.

Málavextir.

Í mars 1996 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Stefndi tók til varna í því, og var dómur kveðinn upp 29. nóvember 1996. Með dóminum var stefnda gert að greiða stefnanda 1.641.775 krónur ásamt dráttarvöxtum og 350.000 krónur í málskostnað. 7. janúar 1997 sendi stefnandi aðfararbeiðni til sýslumannsins á Blönduósi, en fjárnám fór ekki fram, en 25. febrúar 1997 áfrýjaði stefndi dómi Héraðsdóms Vesturlands til Hæstaréttar Íslands með áfrýjunarstefnu, sem gefin var út þann dag. Með bréfi, dagsettu 13. júní 1997, afturkallaði stefnandi aðfararbeiðni sína. 11. júlí 1997 sendi stefnandi sýslumanninum á Blönduósi beiðni um löggeymslu í eignum stefnda til tryggingar fullnustu á hinum áfrýjaða dómi. Krafa stefnanda um löggeymslu var tekin fyrir af fulltrúa sýslumanns 29. júlí, en af hálfu stefnda var kröfunni mótmælt. Stefndi benti síðan á lausafjármuni til tryggingar kröfunni, en stefnandi sætti sig ekki við þær ábendingar. Málinu var þá frestað til frekari gagnaöflunar. Við fyrirtöku 7. ágúst 1997 óskaði stefnandi eftir mati á þeim eignum, er stefndi benti á, og var málinu því frestað aftur. Við fyrirtöku 1. september 1997

voru aðilar sammála um, að löggeymsla færi fram í fasteign að Brekkugötu 2, Hvammstanga.

Með dómi, upp kveðnum 27. nóvember 1997, staðfesti Hæstiréttur Íslands hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað. Dómsorð Hæstaréttar hljóðar þannig:

„Áfrýjandi, Guðmundur Tr. Sigurðsson, greiði stefnda, Frostfiski ehf., 1.641.755 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. júlí 1995 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Daginn eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar krafði stefnandi stefnda um greiðslu samkvæmt dóminum. 3. desember 1997 greiddi stefndi kröfuna samkvæmt dómsorði hæstaréttardómsins, höfuðstól, dráttarvexti og málskostnað, samtals 2.686.470 krónur. Þegar næsta dag, 4. desember, krafðist stefnandi greiðslu á kostnaði við fullnustugerðir sínar, samtals 82.524 krónur, en stefndi neitaði að greiða kröfuna.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að stefnda beri að greiða kostnað vegna fullnustugerðanna, enda sé það í samræmi við þær meginreglur, sem gilda um fullnustugerðir, bæði ólögfestar og venjuhelgaðar. Samkvæmt þeim beri gerðarþola að greiða þann kostnað, sem til fellur vegna fullnustugerða.

Stefnandi heldur því og fram, að stefndi hafi við löggeymslugerðina ekki mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar, og þar með hafi hann í raun viðurkennt greiðsluskyldu sína.

Þá reisir stefnandi kröfu sína á því, að hann hafi átt lögvarða kröfu til að krefjast löggeymslu, eftir að stefndi áfrýjaði dómi Héraðsdóms Vesturlands, í því skyni að tryggja, að eignir yrðu til að gengnum dómi Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti hinn áfrýjaða dóm, og verði stefndi þar með að bera kostnað, sem til féll vegna aðfarargerðanna.

Stefnandi telur, að kostnaður vegna löggeymslu sé ekki hluti málskostnaðar, sbr. skýrt orðalag 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og þar með sé hann ekki innifalinn í þeim málskostnaði, sem þegar hefur verið greiddur.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., laga nr. 90/1989 um aðför, laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna kröfuréttar. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. nefndra laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Aðalkröfu sína um frávísun málsins reisir stefndi á því, að dómur hafi þegar verið lagður á ágreiningsefni þetta. Hæstiréttur hafi í dómi sínum í fyrrnefndu máli milli aðila kveðið á um fjárhæð, sem stefndi skyldi greiða stefnanda í málskostnað, en þar var málskostnaður í Hæstarétti og héraði ákveðinn í einu lagi 350.000 krónur. Stefndi telur kröfu þá, sem hér er til meðferðar, um greiðslu á kostnaði vegna aðfarar- og löggeymslugerðar vera hluta málskostnaðar. Í 129. gr. laga um meðferð einkamála sé fjallað um, hvað teljist til málskostnaðar og hver skuli greiða hann, áður en dómur gengur. Samkvæmt c-lið nefndrar 129. gr. skuli gjöld, sem renna í ríkissjóð vegna máls, teljast hluti málskostnaðar. Jafnframt sé í g-lið sömu greinar kveðið svo á, að annar kostnaður, sem beinlínis stafi af máli, teljist til málskostnaðar. Kostnaður, sem nú er krafist greiðslu á, falli undir ofangreind ákvæði.

Stefndi bendir á, að kostnaður sá, sem hér er um deilt, hafi allur verið til fallinn, þegar málið var flutt munnlega í Hæstarétti. Stefnandi hljóti því að hafa gert kröfu um greiðslu hans í málflutningi sínum, er hann reifaði málskostnaðarkröfu sína. Af þessum sökum hljóti Hæstiréttur að hafa tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar. Hafi stefnanda hins vegar láðst að gera grein fyrir þessum kostnaði eða ekki gert grein fyrir honum með nægilega skýrum hætti, verði hann sjálfur að bera hallann af því. Ákvörðun um fjárhæð málskostnaðar hefur verið tekin af Hæstarétti, og því beri að vísa málinu frá dómi.

Stefndi reisir kröfu sína einnig á því, að skv. 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála sé dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila svo og um þær kröfur, sem dæmdar eru að efni til. Málskostnaðarkrafa stefnanda hafi verið hluti sakarefnis málsaðila. Ákvæði 2. mgr. 116. gr. sé skýrt um það, að krafa, sem dæmd hefur verið að efni til, verði ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól, en hér sé verið að krefjast málskostnaðar eins og í áðurnefndu máli milli aðila.

Um varakröfu sína miðar stefndi við sömu sjónarmið og þegar hafa verið rakin varðandi kröfu um frávísun. Þá bendir hann og á, að krafist sé greiðslu kostnaðar vegna ritunar aðfararbeiðni, sem dagsett er 7. janúar 1997, og aðfarargjalds til ríkissjóðs vegna þeirrar beiðni. Þessi beiðni hafi hins vegar aldrei verið tekin fyrir hjá sýslumanninum á Blönduósi og þar með ekki tekin afstaða til þess, hvort stefnda beri að greiða þennan kostnað.

Stefndi mótmælir sem röngum fullyrðingum stefnanda þess efnis, að kröfu um löggeymslu og kostnaði við hana hafi ekki verið mótmælt. Full-

yrðingar stefnanda um, að stefndi hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína, séu einfaldlega rangar, enda hafi mótmæli komið fram við fyrirtöku málsins 29. júlí 1997. Hins vegar verði ekki séð, að tekin hafi verið afstaða til mótmæla stefnda, og meðan það hafi ekki verið gert, sé ekki unnt að leggja kostnað vegna löggeymslunnar á hann. Þar sem endurrit úr gerðabók sýslumannsins á Blönduósi beri ekki með sér, að stefndi skuli greiða þennan kostnað, verði stefnandi sjálfur að bera hann.

Um lagarök varðandi frávisunarkröfu sína vísar stefndi einkum til 1. og 2. mgr. 116. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 svo og til 129. og 100. gr. sömu laga. Um sýknukröfu vísar stefndi einkum til meginreglna laga nr. 31/1990 og laga nr. 90/1989. Kröfu um málskostnað reisir stefndi á XXI. kafla laga um meðferð einkamála, einkum þó 129., 130. og 131. gr.

IV.

Niðurstaða.

Mál þetta var í sama þinghaldi flutt um frávisunar- og sýknukröfu stefnda. Þótti dómara rétt að hafa þennan hátt á, enda eru þær málsástæður, sem stefndi reisir frávisunarkröfu sína á, hinar sömu og náskyldar þeim, er hann reisir sýknukröfu sína á.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að sá kostnaður, sem nú er verið að innheimta, sé vegna sérstaks máls, þ. e. vegna tryggingarráðstafana, sem hann varð að gera til að tryggja kröfu sína á hendur stefnda. Hér þarf hins vegar að skera úr um, hvort um sérstök mál hafi verið að ræða eða hvort innheimtuaðgerðir stefnanda hafi verið hluti af því máli, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti. Fallast má á með stefnanda, að aðgerðir hans til að tryggja kröfu sína, hafi verið eðlilegur og nauðsynlegur hluti við innheimtu kröfunnar. Þannig er ljóst, að stefnandi varð, þar sem fjárnám hafði ekki farið fram, áður en áfrýjunarstefna var gefin út, að krefjast löggeymslu í eignum stefnda, en fjárnám fer ekki fram, eftir að áfrýjunarstefnan hefur verið gefin út. Þá má og fallast á með stefnanda, að fyrir því sé löng venja, að gerðarþolar beri kostnað vegna fullnustugerða.

Af gögnum málsins er augljóst, að krafa stefnanda, sem nú er deilt um, er til komin vegna innheimtuaðgerða á sömu kröfu og dæmd var í nefndum dómi Hæstaréttar frá 27. nóvember 1997. Raunar virðist stefnandi sjálfur telja svo vera, en við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að eftir að Hæstiréttur kvað upp sinn dóm, hefði stefnandi greitt inn á dómkröfuna, en eftir hefði staðið kostnaður, sem til féll við löggeymslugerðina. Þetta má einnig sjá í bréfum lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda. Telji stefnandi þetta vera sérstakt mál, ætti krafan sam-

kvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar ekki að koma því neitt við. Einnig liggur fyrir, að allur kostnaður vegna aðfarar- og löggeymslugerðanna var til fallinn og ljós, þegar málið var flutt í Hæstarétti, og bar stefnanda við flutning málsins þar að gera grein fyrir öllum tilföllnum kostnaði. Ekki liggur fyrir, með hvaða hætti stefnandi gerði grein fyrir kostnaði af rekstri málsins, þegar hann flutti málið fyrir Hæstarétti, og þar með er ekki ljóst, hvort Hæstiréttur tók tillit til kostnaðar við aðfarargerðirnar við ákvörðun málskostnaðar. Hafi svo verið gert, hefur Hæstiréttur þegar horft til þessa kostnaðar, og verður málið ekki borið undir annan dómstól. Hafi stefnandi á hinn bóginn ekki gert Hæstarétti grein fyrir þessum kostnaði, verður hann sjálfur að bera hallann af því, enda verður dómþoli að geta treyst því, að dómur Hæstaréttar Íslands sé endanlegur, hvað þau lögskipti varðar, sem undir dóminn eru borin. Af þessum sökum getur stefnandi ekki höfðað nýtt mál til innheimtu hluta kröfu sinnar, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en Hæstiréttur hefur þegar ákveðið heildarfjárhæð málskostnaðar vegna lögskipta aðila, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að vísa málinu frá dómi.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins er rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 krónur.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Frostfiskur ehf., greiði stefnda, Guðmundi Tr. Sigurðssyni, 90.000 krónur í málskostnað.
